

Október 2025



Ytra mat

Menntaskólinn að Laugarvatni

Útgefandi:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Ytra mat Menntaskólinn að Laugarvatni

Október 2025

Umbrot og textavinnsla:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

©2025 Mennta- og barnamálaráðuneytið

ISBN 978-9935-436-94-8

1. Ytra mat Menntaskólans að Laugarvatni

1.1 Framkvæmd ytra mats

Ytra mat Menntaskólans að Laugarvatni fór fram í október 2025. Matsaðilar voru Þóra Þórðardóttir og Olga Lísu Garðarsdóttir.

Gagnaöflun:

- Viðtal við skólameistara
- Viðtal við formann skólanefndar
- Viðtal við námsráðgjafa
- Viðtal við fulltrúa foreldra
- Viðtal við umsjónaraðila heimavistar
- Rýnifundur stjórnendateymis
- Rýnifundur með kennurum
- Rýnifundur með nemendum
- Rýni í heimasíðu og gögn frá skóla
- Spurningakönnun fyrir nemendur
- Spurningakönnun fyrir starfsfólk
- Vettvangsathuganir í kennslustundum

1.2 Menntaskólinn að Laugarvatni

Skólinn er heimavistarskóli sem býður upp á tvær námsbrautir til stúdentsprófs, félags- og hugvísindabraut og náttúruvísindabraut. Á haustönn 2025 stunda 156 nemendur nám við skólann, 90 stúlkur og 66 drengir. Nær allir nemendur eru á heimavist og koma flestir af Suðurlandi, en upptökusvæðið er frá Höfn að Vestfjörðum. Á vefsíðu skólans má finna skólanámskrá og upplýsingar um með hvaða hætti Menntaskólinn að Laugarvatni (ML) uppfyllir kröfur sem gerðar eru til framhaldsskóla í lögum, aðalnámskrá og reglugerðum.

1.3 Samantekt og ábendingar

Styrkleikar:

- Skólinn er fámennur með vinalegan heimilisbrag og staðsettur í fallegu umhverfi með góðri aðstöðu til íþróttaiðkunar og sterk tengsl við nærumhverfið.
- Almenn sátt ríkir um stjórnun skólans, skólameistari nýtur trausts, verkaskipting stjórnenda er skýr og mannauður skólans er vel nýttur.
- Námsframboð skólans hentar fámennum skóla sem þjónar nemendum í bóknámi til stúdentsprófs, valáfangar eru vel skipulagðir og nemendur geta valið áfanga í kór, útivist, blaki og körfubolta á öllum öllum náms síns.
- Allir kennarar skólans hafa leyfisbréf til kennslu og búa yfir fagþekkingu á sínu kennslusviði.
- Löng hefð er fyrir starfendarannsóknnum meðal kennara, þeir taka allir þátt og eru áhugasamir um nám og kennslu.
- Skólinn hefur starfandi sjálfsmatarnefnd með fulltrúum helstu hagsmunaaðila, starfsfólks, nemenda og foreldra. Innra mat er reglubundið, árlegar sjálfsmatsskýrslur skýrar og áætlun um umbætur gerð til þriggja ára.
- Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO) er til fyrirmyndar hjá skólanum og fyrir liggur ítarlegur samskiptasáttmáli.
- Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og vinnur markvisst að forvörnum og góður árangur hefur náðst í að minnka kvíða nemenda.
- Vinnuaðstaða nemenda er góð og víða eru opin námsrými fyrir nemendur skólans.

Tækifæri til umbóta:

- Lagt er til að undir forystu skólameistara í nánú samstarfi við kennara, nemendur, starfsfólk, foreldra og aðra hagsmunaaðila verði skólastarfið rýnt sem lærdómssamfélag og sett verði fram sameiginleg framtíðarsýn og stefna um kennsluhætti og námsmat.
- Mælt er með að skólastjórnendur efli faglega forystu sína, mat og endurgjöf og tryggi reglulegt samtal stjórnenda og kennara um gæði náms og kennslu.
- Lagt er til að ávinningur af starfendarannsóknum verði metinn og þær verði nýttar á markvissari hátt til að styrkja kennara, endurskoða kennsluhætti, efla nemendamiðaða kennslu og leiðsagnarnám. Kennarar eru hvattir til að þróa kennsluhætti áfram, vinna markvisst að faglegu starfi og nýta sér gæðaviðmið um kennslu.
- Auka mætti upplýsingagjöf til foreldra ólöggráða nemenda og virkja þá enn betur til þátttöku og ábyrgðar, til að styðja við ástundun, mætingu og vellíðan nemenda og þannig efla námsárangur og góða upplifun í skólanum.
- Sérstaklega er mikilvægt að huga að hagsmunum, velferð og farsæld nemenda á heimavistinni og þeirri ábyrgð sem fylgir slíku búsetuformi.
- Auka mætti námsstuðning við nemendur sem ekki ná tókum á náminu og bjóða upp á stoðtíma með kennurum jafnt og þétt yfir skólaárið til að draga úr þörf fyrir endurtekt á námsmati.
- Félags- og hugvísindabraut skólans inniheldur lágmarkseiningar í stærðfræði og nauðsynlegt að endurskoða námsbrautina til að tryggja að brautin undirbúi nemendur sem stefna á nám í félags- og hugvísindum í háskóla með fullnægjandi hætti.
- Endurskoða þarf heiti áfangans STÆR1FB05 þannig að það vísi ekki til þess að um sé að ræða fornámsáfangi í stærðfræði.
- Í reglugerð nr. 260/2017 um starfstíma framhaldsskóla kemur fram að árlegur starfstími nemenda skuli miðast við 180 kennslu- og námsmatsdaga. Lögð er áhersla á að stjórnendur beiti sér fyrir því að þeir séu að fullu nýttir sem vinnudagar nemenda.
- Skólinn er hvattur til að nýta meðbyr og faglega viðurkenningu í EKKO-málum til að efla þátttöku nemenda í áframhaldandi umbótastarfi. Vinna megi áfram með aðgerðaáætlanir um líðan, jafnræði og samskiptamenningu með þátttöku nemenda í að móta reglur, hefðir og sameiginlega ábyrgð á jákvæðum samskiptum.

2. Niðurstöður

2.1 Gæði forystu og stjórnunar skólans

Til að meta gæði forystu og stjórnunar Menntaskólans að Laugarvatni var heimasíða skólans rýnd, farið yfir ýmis gögn sem óskað var eftir frá skólanum auk upplýsinga sem fram komu í viðtölum og samtölum við rýnihópa. Rafræn könnun um skólastarf og námsumhverfi var lögð fyrir nemendur, starfsfólk og kennara í aðdraganda skólaheimsóknar matsaðila. Umsjónarkennarar hvöttu nemendur til að svara könnuninni í umsjónartíma og bárust svör frá 98 af 156 nemendum, sem samsvarar 63% svarhlutfalli. Flest svör voru frá nemendum á fyrsta og öðru ári, en svarhlutfall þriðja árs nemenda var lægra þar sem þeir voru í vettvangsferðum á sama tíma.

2.1.1 Skólastjórnendur sem leiðtogar og stjórnun stofnunar

Núverandi skólameistari var skipaður í embættið til fimm ára í febrúar 2023. Stefna skólans endurspeglar gildi og sérstöðu ML sem heimavistarskóla þar sem áhersla er lögð á manngildi, þekkingu og atorku. Þar kemur fram að hlutverk Menntaskólans að Laugarvatni sé að nám við skólann veiti góðan undirbúning fyrir frekara nám og atvinnulífið. Í viðtölum sem tekin voru í vettvangsheimsókn matsaðila og í niðurstöðum spurningakannanna kemur fram að skólameistari nýtur trausts og þykir réttlátur stjórnandi. Almenn sátt virðist ríkja um stjórnun skólans í skólasamfélaginu, verkaskipting stjórnenda er skýr og mannauður skólans vel nýttur. Fram kom í viðtölum að góður starfsandi ríkir meðal starfsfólks skólans og töluverð samvinna er þeirra á milli.

Í könnun matsaðila kom fram að starfsfólk skólans upplifir sig sem hluta af liðsheild og er sátt við skipulag daglegs skólastarfs. Um 70% starfsfólks segist sammála eða mjög sammála því að stjórnendur styðji það í að efla þekkingu sína og hæfni í starfi. Einnig svöruðu tæp 90% svarenda að þau mæti breytingum og nýjungum í starfi með jákvæðni að leiðarljósi. Í viðtölum kom fram að flestir starfsmenn skólans eru jákvæðir gagnvart breytingum en þó kom einnig fram að í einhverjum tilvikum virðast íhaldssemi og gamlar hefðir standa nýbreytni í skólastarfinu fyrir þrifum.

Nær allir nemendur Menntaskólans á Laugarvatni dvelja á heimavist og hafa nemendur hingað til fengið pláss á vistinni óháð búsetu. Í heimsókn matsaðila og viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og nemendur kom fram að rekstur heimavistar felur í sér ýmsar áskoranir. Skólinn ber ábyrgð á öryggi og velferð nemenda, sem krefst skýrra verkferla, reglubundins eftirlits starfsfólks allan sólarhringinn. Tryggja þarf öruggt umhverfi og veita nemendum leiðsögn í daglegu lífi og markvissar forvarnir gegn áhættuhegðun. Samskipti við foreldra og forráðamenn þurfa að vera regluleg og mikilvægt er að tryggja aðgengi nemenda að viðeigandi stuðningi og heilbrigðisþjónustu þegar við á. Á heimavist geta komið upp áskoranir tengdar samskiptum og samlífi nemenda, sem krefst þess að agareglur og viðurlög við brotum á þeim séu skýrar.

Nemendur sem matsaðilar ræddu við lýstu almennt mikilli ánægju með heimavistina, þótt sumir hefðu nefnt að einmanaleiki og heimþrá gætu gert vart við sig. Einnig kom fram að tilvik um ágreining milli nemenda og þjófnað hefðu komið upp, auk þess sem bent var á að sumir nemendur virtu ekki reglur sem skyldi. Sérstaklega var rætt um að eldri nemendur ættu það til að sýna óæskilega hegðun og áreitni gagnvart yngri nemendum. Fram kom að nemendum þyki áskorun að standa á eigin fótum án aðhalds frá foreldrum og þeir ráða misvel við það verkefni, til dæmis hvað varðar svefn, mataræði og skjánotkun. Foreldrar ólöggráða nemenda fá sendar ýmsar upplýsingar um skólastarfið, en í viðtölum kom fram að upplýsingagjöf til þeirra mætti vera meiri, bæði varðandi ástundun náms og félagslíf

nemenda. Í könnun meðal foreldra, sem framkvæmd var sem hluti af innra mati skólans vorið 2025, kom fram að um fjórðungur foreldra taldi sig ekki fá nægar upplýsingar um gengi barna sinna.

Stjórnendur skólans, starfsfólk og fulltrúi skólanefndar sögðu skólann taka alvarlega þá miklu ábyrgð sem fylgir rekstri heimavistar. Á heimavistinni starfa húsbóndi og húsfreyja ásamt tveimur starfsmönnum sem taka kvöldvaktir. Í viðtölum við stjórnendur og starfsfólk kom fram mikilvægt sé að tryggja gott aðhald með nemendum, fylgja eftir reglum og bregðast við brotum með viðeigandi hætti. Enginn starfsmaður heimavistar er með uppeldismenntun eða menntun í tómstunda- og félagsmálafræði sem gæti þó verið gagnlegt í ljósi þess að allt félagslíf nemenda fer fram á staðnum.

2.1.2 Leiða nám og kennslu

Kennarar í ML eru almennt sáttir við vinnuálag og telja stjórnendur skólans skapa góð tækifæri til faglegs samstarfs og umræðu um kennsluhætti og námsmat. Í skólanum er löng hefð fyrir starfendarannsóknum og stjórnendur gera sér grein fyrir mikilvægi þeirra í ljósi smæðar skólans. Kennarar skólans eru í flestum tilfellum einyrkjar, þ.e. eini kennarinn í sinni námsgrein, og tilheyra því ekki fjölmennri fagdeild. Þátttaka í starfendarannsóknum gefur kennurum vettvang til samvinnu, þeir fá tækifæri til að kynna kennsluhugmyndir sínar fyrir hver öðrum og fá speglun og stuðning. Í viðtölum kom þó fram að kennarar vilja nýta starfendarannsóknir betur til að þróa kennsluhætti og efla faglegt samtal innan skólans. Einnig kom fram að nýir kennarar óska eftir meiri stuðningi og markvissari leiðsögn í upphafi starfs. Kennarar lýstu jafnframt áhuga á að fá skýrari og markvissari endurgjöf í starfsmannasamtölum, einkum í kjölfar áfangamats. Þá nefndu kennarar að skerpa mætti á skólareglum og tryggja meira aðhald í námi nemenda.

Í viðtölum við skólameistara og stjórnendur kom fram að þegar er hafinn undirbúningur að auknu samtali og samvinnu við aðra framhaldsskóla með það að markmiði að víkka faglegt sjónarhorn kennara og styðja áframhaldandi þróun kennslu.

2.2 Gæði náms og kennslu

Mat á gæðum náms og kennslu í ML byggir meðal annars á námsbrautalýsingum, áfangalýsingum og kennsluáætlunum skólans. Einnig er byggt á kennslustundamati þar sem matsaðilar fylgdust með 18 kennslustundum, ýmist frá upphafi til enda eða með styttra innliti, til að fá betri upplýsingar um kennsluhætti og nám nemenda. Upplýsinga var einnig aflað í viðtölum og rýnihópum með stjórnendum, kennurum, nemendum og öðrum fulltrúum skólasamfélagsins. Niðurstöður úr áðurnefndri könnun til nemenda um skólastarf og námsumhverfi nýttust jafnframt í matinu. Þá liggur fyrir skýrsla um sjálfsmat skólans fyrir skólaárið 2024–2025. Niðurstöður allra þessara gagna voru nýttar til að meta gæði náms, kennslu og námsumhverfis skólans.

2.2.1 Umgjörð, skipulag og inntak náms

Skólaárið er skipulagt sem tveggja anna kerfi, haustönn og vorönn. Skólinn er ekki með skipulagt fornám og býður ekki upp á fornámsáfangu í kjarnagreinum fyrir nemendur sem hafa ekki náð að ljúka grunnskóla með fullnægjandi árangri til að hefja nám á öðru hæfniprepi. Hluti nemenda sem fá skólavist í ML hefur ekki náð þeim viðmiðum sem sett eru við inngöngu á námsbrautir skólans og uppfylla þeir nemendur ekki skilyrði til að hefja nám á öðru hæfniprepi. Skólinn byggir á bekkjarkerfi og því er ekki mikið svigrúm falli nemendur í áfanga, þeir geta ekki endurtekið áfanga á næstu önn. Í samtali kom fram að nemendur sem falla um bekk eru ólíklegri til að endurtaka bekkinn, þeir fara frekar í sumarskóla og vinna upp falláfangu eða skipta um skóla. Til að koma í veg fyrir þetta sögðu

kennarar að mikið væri lagt upp úr að allir nemendur standist námsmat. Þetta má sjá í skipulagi skólastarfsins þar sem töluvert umfang er í kringum endurtekt í námsmati fyrir nemendur sem falla í áföngum. Námsmat í skólanum er stöðugt yfir önnina og einnig er skólinn með miðannamat þannig að námsárangur og staða nemenda í náminu er ljós snemma. Skólinn er ekki með skipulagðan námsstuðning eða stoðtíma með kennara fyrir nemendur. Þarna liggur tækfæri fyrir skólann til að skapa lærdómsmenningu og styðja betur við nemendur til að sinna námi jafnt og þétt alla skólagönguna.

Námsbrautir skólans voru staðfestar af ráðherra árið 2015 en hafa tekið nokkrum breytingum frá þeim tíma. Á heimasíðu skólans er ekki vísað í staðfestu brautirnar, en innihaldi núverandi námsbrauta lýst. Námsbrautirnar uppfylla skilyrði sem sett eru fram í aðalnámskrá framhaldsskóla en þó eru ákveðnir formgallar á þeim. Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla eiga allir nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði framhaldsskóla í kjarnagreinum að hefja nám á öðru hæfniprepi í viðkomandi grein. Á báðum námsbrautum er skylduáfanginn STÆR1FB05 og nafnið gefur til kynna að um sé að ræða fornámsáfangi í stærðfræði á fyrsta hæfniprepi, þar sem efni úr grunnskóla er endurtekið. Áfanginn STÆR1FB05 er hins vegar fjármálalæsi og bókfærsla.

Í ljósi umræðna vegna styttingar náms til stúdentsprófs um þann vanda sem blasir við kennurum við að ná öllum hæfnivíðmiðum og komast yfir námsefni er vert að huga að nýtingu námsdaga nemenda. Í skóladagatali ML er töluvert svigrúm til að fjölga kennsludögum þar sem nemendur sinna námi undir handleiðslu kennara.

2.2.2 Gæði kennslu

Skólinn hefur ekki sett sér formlega stefnu um kennsluhætti, en á síðasta skólaári fengu kennarar kynningu á leiðsagnarnámi og unnið er að því að efla faglegt samtal um kennslu í tengslum við starfendarannsóknir. Kennslustofur skólans eru að mestu með hefðbundna uppröðun, fyrir utan eina stofu sem er sett upp í anda „hugsandi skólastofu“. Samkvæmt niðurstöðum úr nemendakönnun matsaðila og viðtölum við nemendur einkennist kennslan í ML almennt á góðum undirbúningi, fagmennsku og áhuga kennara. Í könnuninni lýstu yfir 90% nemenda ánægju með undirbúning, áhuga og fagþekkingu kennara og 83% þeirra töldu kennsluna fjölbreytta og taka mið af námsþörfum sínum.

Í sjálfsmatsskýrslu skólans kemur fram að niðurstöður áfangamats sýni að allir matsþættir er varða kennslu mælast lægri vor 2025 í samanburði við fyrri mælingar. Spurt var um áfangann í heild, kennsluna, námsefnið, námsmatið, vinnuálag og hvernig nemendum fannst þeir standa sig í áfanganum. Sama má sjá í könnun meðal foreldra þegar spurt er um gæði kennslunnar. Vert er að taka fram að bæði nemendur og foreldrar segja að erfitt sé að leggja mat á kennsluna heilt yfir, þar sem hún er misjöfn eftir áföngum.

Matsaðilar fylgdust með kennslu í 18 kennslustundum og í hluta þeirra mátti sjá kennara skólans leggja fyrir nemendur fjölbreytt verkefni og sýna metnað í kennslu sem miðar að virkri þátttöku nemenda í námi. Hluti kennslustunda var byggður upp á hefðbundinni kennslu þar sem kennari fór yfir viðfangsefni á töflu ýmist með þátttöku nemenda eða án aðkomu þeirra. Stundum áttu nemendur að glósa og í einhverjum tilfellum að vinna í kjölfarið sambærileg verkefni og farið var í á töflunni. Það fór ekki fram hjá matsaðilum að erfitt getur verið fyrir kennara að ná athygli nemenda og fá þá til að taka virkan þátt í töflukennslu. Yfirleitt voru nokkrir nemendur með í samtali við kennara um það sem var að gerast á töflunni. Nokkuð mikið var um að nemendur væru að fara út úr kennslustundum, oftast án þess að óska eftir leyfi frá kennara og matsaðilar sáu nokkurn losarabrag á umgjörð kennslu og í námi

nemenda. Fram kom í viðtölum bæði við kennara og nemendur að í skólastarfinu sé full ástæða til að taka fastar á málum er varða ástundun náms í kennslustundum en einnig varðandi heimanám. Matsaðilar upplifðu jákvæðan anda og sameiginlegan vilja kennara og stjórnenda til að byggja áfram upp námsumhverfi sem einkennist af virðingu, hvatningu og trausti og sem tekur mið af ólíkum þörfum nemenda. Skólinn hefur góða möguleika til að þróa kennsluhætti í samræmi við gildi sín, manngildi, þekkingu og atorku og efla þannig nám, sjálfstæði og gagnrýna hugsun nemenda.

2.2.3 Námsvitund, þátttaka, árangur og námsreynsla nemenda

Af kennslustundamati og samtölum matsaðila við nemendur er ljóst að margir nemendur eru metnaðarfullir, sinna náminu af áhuga og taka virkan þátt í kennslustundum. Í nemendakönnun matsaðila um skólastarf og námsumhverfi voru nemendur m.a. spurðir hvort kennarar næðu að vekja áhuga þeirra á námsefninu og hvetja þá í námi. Alltaf eða oftast sögðu 61% nemenda, 33% sögðu stundum og sjaldan eða aldrei svöruðu 6%. Hvort nemendur gera sér grein fyrir þeirri hæfni sem á að ná eða vinna að í hverju fagi sögðust 81% nemenda oftast eða alltaf gera það en 17% svöruðu stundum og 2% sjaldan.

Nemendur sögðust leita til umsjónarkennara eða námsráðgjafa þegar þeir þyrftu upplýsingar eða aðstoð í námi. Einnig sögðu þeir gott að hafa aðgang að sálfræðingi en nefndu líka að oft leituðu þeir til mömmu. Þeir nefndu að námsstuðning vantaði fyrir nemendur sem þyrftu meiri aðstoð í námi og það væri mikilvægt að stoðtímar væru með kennara. Í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir árið 2024–2025 kemur fram að nemendur fengu námstækninámskeið 2024 og stefnt er á að vinna áfram með aðgerðir til að bæta vinnulag nemenda í námi.

2.3 Innra mat, umbætur og skólaþróun

2.3.1 Skipulag og framkvæmd innra mats

Í ML starfar sjálfsmatshólfur skipaður fulltrúum kennara, nemenda og foreldra. Sjálfsmatshólfurinn heldur utan um innra mat skólans og gæðastjóri skólans er formaður nefndarinnar. Nefndin rýnir niðurstöður kannana sem lagðar eru fyrir og setur í kjölfarið fram áherslur og aðgerðir sem fara á í. Áætlanir til næstu þriggja ára eru settar fram í árlegum sjálfsmatsskýrslum. Innra matið byggir á könnunum sem lagðar eru reglulega fyrir nemendur: áfangamat, Framhaldsskólapúlsinn og viðhorf til þjónustu, dvalar á heimavist og félagslífs skólans. Starfsfólk tekur þátt í könnun Sameykis um Stofnun ársins, kennarar vinna saman að starfendarannsóknunum og einnig eru lagðar reglulega kannanir fyrir foreldra og aðstandendur sem og útskrifaða nemendur.

2.3.2 Leiða umbætur og skólaþróun

Skólinn hefur síðustu ár unnið markvisst að áætlunum og aðgerðum tengdum líðan og farsæld nemenda. Í sjálfsmatsskýrslu skólans sýna nýjustu niðurstöður að 42% nemenda upplifa ofbeldi eða áreitni á Laugarvatni, sem er mun hærra en landsmeðaltal sem er 27,7%. Algengast er að nemendur verði fyrir niðurlægingu fyrir framan aðra eða að persónulegum eigum þeirra sé stolið. Í sjálfsmati skólans kemur fram að aðgerðir í ofbeldisforvörnum hafi enn ekki skilað tilætluðum árangri. Á sama tíma endurspeglar niðurstöður úr nemendakönnun matsaðila jákvæða mynd þar sem 91% nemenda segjast líða vel í skólanum og 95% telja námsumhverfi skólans öruggt og gott. Þessar niðurstöður, ásamt viðtölum við nemendur þar sem þeir viðrökta að áreitni eigi sér stað, benda til ákveðins misræmis milli almennrar upplifunar af öryggi og raunverulegs samskiptavanda innan nemendahópsins.

Gæðastjóri skólans hefur hlotið viðurkenningu fyrir faglega vinnu og þróun EKKO-mála, sem felur í sér aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Þessi viðurkenning undirstrikar að innviðir, áætlanir og faglegt skipulag eru til staðar og skólinn hefur burði til að halda áfram að móta menningu sem tryggir öruggt og jákvætt námsumhverfi fyrir alla nemendur. Áskorun felst í áframhaldandi vinnu við að virkja nemendur sjálfa til þátttöku í breytingarferlinu og efla menningu sem byggir á virðingu, jafnræði og góðum fyrirmyndum milli bekkja.

